



Meðferð með Mitomycini

Mitomycin er krabbameinslyf og jafnframt sýklalyf sem er notað til að meðhöndla yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru. Lyfinu er sprautað inn í þvagblöðruna.

Undirbúningur fyrir meðferð

Mikilvægt er að Mitomycin þynnist ekki af þvagi. Til að takmarka þvagframleiðsluna á ekki að drekka í þrjár klukkustundir fyrir meðferð og biða með þvaglosandi lyf þar til eftir meðferð.

Staður og tími

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A einu sinni í viku í sex skipti. Í einstaka tilvikum þarf lengri meðferð. Hver meðferð tekur um 10-15 mínútur.

Framkvæmd

Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvagleggur settur í þvagblöðruna. Síðan er lyfinu sem er 50 ml af vökva sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Mikilvægt er að halda í sér þvagi eins lengi og hægt er eftir lyfjagjöfina, helst í tvær klukkustundir.

Þvaglát

Við fyrstu þvaglát eftir meðferðina er mikilvægt að sitja á salerni til að lyfið dreifist ekki á aðra staði. Eftir þvaglát þarf að loka salerni og sturta tvisvar niður. Einnig er ráðlagt að þvo sér að neðan eftir fyrstu þvaglát.

Drekka þarf að minnsta kosti tvo lítra fyrsta sólarhringinn eftir meðferðina. Þvagið getur orðið blóðlitað og einkenni eins og tíð þvaglát og sviði geta komið fram. Gott er að eiga verkjalyf til að taka eftir þörfum.

Kynlíf

Nauðsynlegt er að nota smokk við kynlíf á þeim tíma sem meðferð er gefin og í viku eftir að henni lýkur.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða fara á bráðamóttöku ef:

- Hiti er hærri en 38,5 °C eða mikill slappleiki

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig um málefni sjúklinga. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

SKURÐLÆKNINGASVIÐ

MARS 2019

LSH-2002

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR

ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA

OG DEILDARSTJÓRI

GÖNGUDEILDAR 11A

HÖNNUN:

SAMSKIPTAEILD